



## GUNNARSHÓLMI OG JÓNAS HALLGRÍMSSON

(1902–1903)

Hvergi mun víðari útsjón yfir sveitir landsins en af Þríhyrningi; þar blasir við allt hið væna Suðurland, eins vítt og það breiðir faðminn við suðrinu, frá Seljalandsmúla, þar sem fossinn stafar niður „á hengiflugi undir jökulrótum“ og allt þangað, sem Reykjanes hverfur yzt í hafið og himinblámann. Sá, sem hefði arnaraugu, gæti séð menn ganga út og inn á bæjunum allt vestur að Hellisheiði,<sup>1)</sup> og víst eru það engar ýkjur, að brennumenn hafi úr Flosadal forðum mátt sjá „allra manna ferðir um héraðit“.

Og þegar maður horfir á Markarfljótsaurana, sem teygja blásvarta malarfingur niður í graslendið og lykja um Gunnarshólma, og á hafborðann blikandi fyrir Eyjasandi, þá kemur ósjálfrátt fram í huga manns hið fræga kvæði; hendingarnar líða fram eins og glampanði lognöldur, þrjár og þrjár og svólítið hlé á milli.

Það er eitt til marks um, hvað afbragðs góð eru náttúrukvæði Jónasar, að þau þykja aldrei betri en þegar maður hefir fyrir augum það hérað, sem hann yrkir um. Á eina röndina horfir svo við, sem allar framfarir séu helzt vottur um mannlega heimsku; og líkt er það að sínu leyti, að menn bera ekki fullt skyn á fegurð þess, sem þeir sjá ekki blettina á (en jafnvel sjálf sólin er blettótt).

---

1) Þetta mun nú raunar vera ofætlun, jafnvel arnaraugum, og væri réttara að segja: sá sem sæi hundrað rasta frá sér eins og Heimdallur.

Er þetta sagt til að skýra það, að ég vík einmitt að þeim stöðum, sem miður eru fagrir á þessu skrautlega kvæði Jónasar.

Það er að vísu góður skáldskapur þetta:

„Sá ég ei fyrr svo fagan jarðar gróða“

o. s. frv., en sé litið til frásögunnar í Njálu, kemur þó í hug, að jafnvel mestu snillingar bæta sig ekki á því „að gylla rauðagull eða glita liljur“ („to gild refined gold or paint the lily“, Shakespeare).

Og mjög undarleg eru þessi orð í munni Gunnars:

„Hér vil ég una ævi minnar daga  
alla, sem guð mér sendir.“

Jónas virðist alveg hafa gleymt því, að Gunnar á Hlíðarenda var heiðingi.

Hér kemur nú einkum tvennt til greina.

Annað er það, að fyrir Jónasi mun hafa runnið of mjög saman Ísland hið forna í heiðni og í kristni.

En hitt er þó fremur, að það liggur við, að Jónas tali þarna í sínu eigin nafni, en ekki Gunnar, og lýtir það dálítið lista-verkið.

En hvernig á því stendur, er auðskilið.

Það, sem kemur honum til að yrkja þetta kvæði, er — auk fegurðar náttúrunnar — ekki sízt það, að hann finnur ýmsan skyldleika með sér og Gunnari: báðum fluttu forlögin útlegðardóm, og báðum einmitt fyrir sakir atgjörvis þeirra, þó að því og öllum atvikum væri allmjög sinn veg farið hjá hvorum.

\* \* \*

Því meira sem einhverjum finnst um íslenska náttúrufegurð og um íslenska málfegurð, því vænna hlýtur honum að þykja um Jónas Hallgrímsson. Hann er sem bunandi lindin í bókmenntum vorum; þar er ómurinn alfegurstur og silfurhreinstur.

Sá þáttur af skáldskap Jónasar, sem hér skal rakinn að

nokkru, er þó merkilegrí fyrir annars sakir en fegurðar; ég á við þá staði, sem benda til, hvaða lífsskoðun hann hafi haft og hvaða breytingar hafi á henni orðið. Þessir staðir eru hvorki margir né fjölorðir, en mjög merkilegir og vel þess verðir, að skýrt sé frá þeim í samhengi.

Einhvern tíma á þessum þremur árum, sem Jónas dvaldi í Reykjavík, áður en hann sigldi, hefir hann líklega ort þessa vísu:

Má-at hinn megin-  
máttki guð  
vindi valda,  
þeim er fer vog yfir;  
né hann um varnað fær  
vetrar stundum,  
þeim er í árdaga  
áður skóp.

Hér sést greinilega, að Jónas hefir, þá er hann orti þetta, hallazt að trúarskoðunum þeirra manna, sem oft eru nefndir „deistar“. Trú þeirra er í stuttu máli það, sem stendur í vísunni: að guð raski ekki rás viðburðanna með kraftaverkum.

Frægastur allra „deista“ er Voltaire (-ter), hinn mikli rit-  
snillingur og óvinur kaþólsku kirkjunnar, George Brandes 18.  
aldarinnar, liggur mér við að segja.

Það er því óhætt að segja, að árin sem Jónas er að jafna sig eftir skólanámið, verður hann fyrir áhrifum af framsóknaranda 18. aldarinnar, af anda Voltaires, og hugur hans hneigist að frjálsslyndi í trúarefnum, að vantrú.

Eftir að Jónas er kominn til Hafnar, verður breyting á þessu. Að vísu bólar hjá honum á „biblíukrítikinni“, þar sem hann í ritgerðinni „um eðli og uppruna jarðarinnar“ kemst svo að orði: „Öllum lærðum guðfræðingum ber nú líka saman um, að frásagan um sköpunarverkið sé í rauninni hugmynd einhvers Austurlanda-heimspekings um uppruna jarðarinnar“. En í hinu fræga kvæði eftir Tómas Sæmundsson er Jónas orðinn trúaður kristinn maður. Gildi þessa kvæðis er þó ekki falið í því, hvað það lýsir mikilli trú, heldur — að efni til — í hinum djúpa skiln-  
ingi á Tómasi, sem einkum kemur fram í síðasta erindinu: eðli þessa afreksmanns var svo mjög starfsemi, að jafnvel ekki



himnaríki væri honum sælustaður, nema hann hefði þar nóg að vinna.<sup>1)</sup>

Jónas varð ekki stöðugur í trúnni. Önnur vantrúaralda leið yfir hann, sem miklu var líklegri til að drekkja allri opinberunartrú en hin fyrri.

Í „brotunum“ stendur þessi vísa:

Ó, mikli guð!  
ó, megn hörmunga!  
*ekkert* að ending —  
eilífur dauði . . .

Sálin mín blíða!  
berðu hraustlega,  
sárt þótt sýnist,  
sanninda ok.

Í „athugasemdunum“ er þessi skýring: Ljós er alls upphaf. Uppkast Jónasar að þessu kvæði er til enn, skrifað með ritblýi, og stendur á því: „Brot eftir Feuerbach, Gedanken über Tod und Unsterblichkeit, aus den Papieren eines Denkers“.

Bókin, sem nefnd er („Hugleiðingar um dauða og ódauðleika“), kom fyrst út nafnlaus 1830 og var þá gerð upptæk, síðan var henni sleppt aftur. Það er óhætt að gera ráð fyrir, að Jónas hafi ekki lesið þessa bók fyrr en eftir 1841. „Hugleiðingarnar“ hafa fengið mikið á Jónas, og mætti af orðunum „Brot eftir Feuerbach“ o. s. frv. ætla, að hann hefði ritað þessi erindi sem um er að ræða, þegar hann lagði frá sér bókina. — Hið skemmtilega og — fyrir hvern, sem vill skilja Jónas — dýrmæta dagbókarbrot, sem prentað er í Eimr. III, 81 (1897), sýnir betur en flest annað, hvernig Jónasi vildi verða allt að ljóði, og svo hefir líka orðið um vantrúna og örvæntinguna, sem honum var nú í hug.

---

1) Niðurlagið minnir annars á þessi orð í Fást (frægasta verkinu eftir Goethe):

Ein Feuerwagen schwebt auf leichten Schwingen,  
An mich heran! Ich fühle mich bereit,  
Auf neuer Bahn den Aether zu durchdringen,  
Zu neuen Sphären reiner Thätigkeit.

En þó mun hér varla vera um neina stælingu að ræða.

Nokkru eftir þetta, líklega ekki mjög löngu síðar, yrkir Jónas stökurnar: „Enginn grætur Íslending“ o. s. frv. Sá, sem rennir grun í það djúp þunglyndis, sem þessar stökur eru runnar af, hann skilur, hvað þessi orð þýða: sælir eru andlega fátækir, þeir geta nefnilega ekki fundið eins til. Jónas hafði sjálfur sagt:

... beztu blómin gróa  
í brjóstum, sem að geta fundið til.

Hæðni lífsins sýndi honum, að þar vaxa líka þyrnarnir, sem sárast stinga.

Það er ekki erfitt að gera sér að nokkru leyti hugmynd um ástand þessa velgjörðamanns allra vor síðasta skammdegið, sem hann lifði, og það virðist geta gert skiljanlega breytinguna. Hann hefir oftast kúrt heima í sínu óvistlega einstæðingsherbergi, sárlega kvalinn af þungum hugsunum, „einn og óstuddur“. Honum fannst hann eiga skammt eftir ólifað, og þegar hann hugleiddi horfna ævi, fannst honum lífinu eytt til ónýtis. Hvað hafði hann afrekað með sínum frábæru hæfileikum? Hann hafði að vísu ort fáein kvæði, hin fegurstu, sem til voru á íslenzku, en varla hefir honum fundizt mikið að gert (sbr. „veit ég að stuttri stundarbið / stefin mín öngvir finna“), hann hefði getað afkastað svo miklu meira, ef gæfa hefði fylgt. Og hvers hafði hann notið? Hann, sem að náttúrufari var allra manna hæfastur til að njóta; hann, sem glöggskyggjastur hefir verið á alla fegurð. Þetta varð einungis til þess að sársauki og söknuður þröngdu honum miklu fastar en hversdagsmönnum. Nú hefir rifjast upp fyrir honum greinilega hvert skipti, sem honum höfðu verið mislagðar hendur („hefði ég betur“ —) og sárt hefir hann harmað ekki sízt „það, sem hann aldrei missti“.

Hugur hans hefir hvað eftir annað hvarflað að dauðanum; að dreyma þenna vonda draum og vakna ekki til neins betra, að hafa þetta harða og hæðilega líf bótaalaust.

Ó, mikli guð!  
ó, megn hörmunga!  
ekkert að ending —  
eillfur dauði .....

En nú gat hann ekki risið undir oki þessara sanninda lengur; þetta gátu ekki verið sannindi; og það verður úr, að hann

fleygir sér í faðm trúarinnar. En að það er efunarmaður, sem leitast við að hverfa aftur, kemur greinilega fram í því, að hann skyggnist um eftir rökum, til að styðja með trú sína. Og það lítur út fyrir, að honum takist það; honum verður hughægra og hann yrkir vísuna:

Jólum mínum uni ég enn —  
og þótt stolið hafi  
hæstum guði heimskir menn:  
hef ég til þess rökinn tvenn,  
að á sælum sanni er enginn vafi.

Það er ekki auðvelt að segja, hver þessi „tvenn rök“ hafa verið, eins fróðlegt og það þó væri að vita það. En aftur á móti er ekki erfitt að nefna einn af þessum „heimsku mönnum“. Það er Ludwig Feuerbach, höfundurinn að „Gedanken über Tod und Unsterblichkeit“, er aðrir hafa nefnt einn af mestu vitringum 19. aldarinnar. Ein af hans setningum er í þá átt, að óskin sé móðir allra trúarbragða, önnur, að öll þekking á guði sé þekking á sálu eða huga mannsins.

Vantrú Jónasar á helvíti lýsir sér í vísunum: „Mér finnst það vera fólsku gys“ o. s. frv.

Þannig mundi enginn yrkja, sem í alvöru tryði á þessa ógeðslegu — en þó ekki köldu — kjallaravist, sem, að því er sumir hyggja, er flestum af oss búin.

Í þessu atriði koma saman tveir fínustu strengirnir á hörpu íslenskunnar, sá, sem hreinastan hefir hljóminn, og hinn, sem hefir það til, bæði að vera snjallastur og þýðastur.<sup>1)</sup>

---

1) Ég á auðvitað við Þorstein Erlingsson.